

Mál nr. 461/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar A**

Umferðaróhapp 27.11. 2010, ágreiningur um réttarstöðu farþega þ.e. skerðingu á bótarétti hans sökum stórkostlegs gáleysis.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Árekstur varð með bifreiðum sem ekið var á móti hvort annarri. Ökumaður bifreiðar A, sem M var farþegi í, ber ábyrgð á árekstrinum.

M telur sig eiga rétt á óskertum bótum en vátryggingafélagið telur bótarétt fyrir hendi til hálfis sökum stórkostlegs gáleysis farþegans M skv. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga

Vátryggingafélagið getur þess að ekki liggur fyrir hvort varanlegar afleiðingar hafi orðið af árekstrinum fyrir farþegan og því hefur félagið ekki tekið afstöðu til þess hvort orsakatengsl geti verið fyrir hendi milli árekstursins og þeirra líkamlegu kvilla sem ágreinngurinn snýs um.

Vátryggingafélagið vísar til fyrirliggjandi skýrslu lögreglu um það hvernig árekstur varð, um huglæga afstöðu aðila og lýsingu vitna á aðdraganda árekstursins. Aðstæður á slysstað voru hættulegar sökum blindhæðar og beygju og snjóruðninga og hálku. Félagið telur ljóst að bifreiðinni hafi verið ekið hratt, í hliðarskriði eftir beygju. Haft er eftir M í skýrslu lögreglu um draganda árekstursins m.a. að "...þeir hafi verið að gera þetta sér til skemmtunar, þar sem snjór hafi verið ofan á þjappaðan snjó og því verið talsfært hálta og þá hafi þeir einnig verið að prófa bílinn..."

Álit

Með vísan til fyrirliggjandi gagna er fallist á það sjónarmið vátryggingafélagsins að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis aðila og að farþeginn M hafi átt sinn þátt í því hvernig fór. Með hliðsjón af ofanrituðu, fyrirliggjandi gögnum og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir rétt að skerða bótaskyldu til handa M um 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 1/3 tjóns M (farþegans).

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.